



Borgarráð

Rafstöðvarvegur 4, afnot

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að rými á 1. hæð á Rafstöðvarvegi 4 verði nýtt fyrir tímabundið verkefni á vegum Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR) í samvinnu við félagasamtök.

Greinargerð:

Dýraþjónustan hefur áhuga á að fá til tímabundinna afnota/leigu húsnæði í Toppstöðinni í Elliðaárdal til þess að sinna verkefnum sem unnin er í samstarfi við félagasamtök. Slík verkefni eru ein af grunnstöðum þjónustunnar en rúmast ekki við núverandi aðstæður innan starfsstöðvar DÝR í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Verkefnið sem nú er í gangi er unnið í samvinnu við góðgerðarfélögin Dýrahjálpi Íslands og Villikanínur.

Húsnæðið verður m.a. nýtt í undir þetta verkefni og mun hýsa þær kanínur sem nást úr Elliðaárdalnum þar til að þær fara á heimili.

DÝR mun afla nauðsynlegra starfsleyfa frá HER og MAST sem og öðrum gerist þess þörf.

Hið leigða rými er verkstæði/geymsla á 1. hæð sem er alls 336 m² að stærð.

Kostnaður vegna innri leigu rúmast innan rekstrarramma ÍTR.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
*Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa*

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 25.4.2022

Starfsemi v/húsnæðis í Toppstöðinni undir verkefni á vegum Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR) í samvinnu við félagasamtök.

Dýraþjónustan hefur áhuga á að fá til tímabundinna afnota/leigu húsnæði í Toppstöðinni í Elliðaárdal til þess að sinna verkefnum sem unnin er í samstarfi við félagasamtök. Slík verkefni eru ein af grunnstoðum þjónustunnar en rúmast ekki við núverandi aðstæður innan starfsstöðvar DÝR í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Verkefnið sem nú er í gangi er unnið í samvinnu við góðgerðarfélögin Dýrahjálpi Íslands og Villikanínur sem verið hafa að taka inn kanínur úr Elliðaárdalnum og koma þeim í skjól. Kanínunum er veitt nauðsynleg læknaaðstoð og eru bólusettar, ormahreinsaðar, örmerktar og geldar. Í kjölfarið er þeim komið á ný heimili með tilstuðlan félagasamtakanna.

Þetta tilraunaverkefni fór í gang vegna offjölgunar kanínanna á svæðinu og er talin mannúðlegri aðferð en að halda fjölda þeirra niðri með öðrum leiðum (skotnar eða eitrað fyrir).

Verkefnið hefur þannig dýraverndunarsjónarmið og umhverfissjónarmið að leiðarljósi en vita er að kanínurnar hafa mjög neikvæð áhrif á gróður í borgarlandinu enda um ágenga innflutta tegund að ræða.

Húsnæðið verður m.a. nýtt í undir þetta verkefni og mun hýsa þær kanínur sem nást úr Elliðaárdalnum þar til að þær fara á heimili. Þær verða haldnar í búrum og eða þar til gerðum gerðum og farið verður eftir dýravelferðarlögum nr. 55/2013 um allan aðbúnað og umhirðu á meðan verkefninu stendur. Sjálfboðaliðar félaganna munu undir eftirliti félagasamtakanna og DÝR sjá um umhirðu á dýrum og þrif á aðstöðu.

DÝR mun afla nauðsynlegra starfsleyfa frá HER og MAST sem og öðrum gerist þess þörf.

Virðingarfyllst

*Þorkell Heiðarsson
Dýraþjónusta Reykjavíkur*